

eftir undirritun aðalkjarasamninga eða uppkvaðningu dóms Kjaradóms um kjaradeilu.

- II. Sá kjarasamningur, sem fyrst er gerður eftir gildistöku laga þessara, skal gilda frá 1. janúar næst á eftir, að því er varðar föst laun og vinnutíma og yfirvinnukaup, en frá 1. júlí næst á eftir, að því er varðar önnur kjaraatriði.
- III. Starfstíma Kjaradóms þess, sem skipaður var samkvæmt 15. gr. laga nr. 55/1962 og nú situr, lýkur 1. október 1973. Fyrir þann tíma skal skipa menn í Kjaradóm samkvæmt 15. gr. þessara laga, og hefst starfstími þeirra 1. okt. 1973.
- IV. Starfstíma Kjaranefndar þeirrar, sem skipuð var samkvæmt 23. gr. laga nr. 55/1962, lýkur 31. desember 1973. Fyrir þann tíma skal skipa menn í Kjaranefnd samkvæmt 24. gr. þessara laga.

Gjört í Reykjavík, 25. apríl 1973.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Halldór E. Sigurðsson.

L Ö G

um róðrartíma fiskibáta.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða með reglugerð brottfarartíma allra þeirra báta til fiskiróðra, sem sækja til fiskjar, svo og setja ákvæði um eftirlitsskip og um samband bátanna við þau, eftir því sem þurfa þykir.

2. gr.

Hreppsnefndir og bæjarstjórnir hlutaðeigandi sveitar- og bæjarfélaga skulu hver um sig kjósa 3—5 bátaformenn til þess, ásamt skipstjórum eftirlitsskipa, að hafa eftirlit með því, að fylgt sé fyrirmælum þeim, er sett kunna að verða samkvæmt ákvæðum 1. gr.

3. gr.

Brot gegn reglugerð, sem sett kann að verða samkvæmt lögum þessum, varða sektum frá kr. 5000.00—50 000.00. Ítrekað brot getur varðað missi réttinda til skipstjórnar í 6 mánuði. Mál út af brotum skulu sæta meðferð opinberra mála.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru felld úr gildi lög nr. 1 12. jan. 1945, um róðrartíma fiskibáta.

Gjört í Reykjavík, 25. apríl 1973.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Lúðvík Jósepsson.